

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

BLÁFJÖLL - SKÍÐASVÆÐI

DEILISKIPULAG – TILLAGA



GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGS- OG
BYGGINGARSKILMÁLUM OG UMHVERFISSKÝRSLU



4.12.2019

UNNIÐ FYRIR SKÍÐASVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



Samþykktir.....	3
1 Forsendur.....	4
1.1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur.....	4
1.2 Skipulags- og matslýsing.....	4
1.3 Staðhættir og mörk skipulagssvæðisins	6
1.4 Verndarsvæði.....	6
1.4.1 Friðlýstur fólkvangur	6
1.4.2 Náttúruminjar.....	7
1.5 Skipulagsleg staða - aðalskipulag.....	7
1.5.1 Óbyggð svæði	7
1.5.2 Hverfisvernd	7
1.5.3 Verndarsvæði neysluvatns	8
1.6 Breyting á aðalskipulagi.....	8
1.7 Gögn deiliskipulags	9
1.8 Samráð.....	9
2 Deiliskipulag.....	10
2.1 Skíðasvæði	10
2.2 Skíðabrekkur	10
2.3 Gönguskiðasvæði.....	11
2.4 Hættumat fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum.....	11
2.5 Tilkynningarskyldar framkvæmdir	11
2.6 Byggingarreitir	12
2.7 Veitur	12
3 Skilmálar.....	12
3.1 Almenn	12
3.2 Hönnun og uppdrættir.....	12
3.3 Skíðalyftur / skilmálar	12
3.3.1 Ný Drottning	12
3.3.2 Eldborgargil	13

3.3.3	Kerlingardalur	13
4	Umhverfisskýrsla	13
4.1	Umhverfisþættir	14
4.2	Áhrifaþættir	14
4.3	Umhverfisviðmið	14
4.4	Valkostir	16
4.1	Áhrifamat	16
4.1.1	Jarðfræði og jarðmyndanir	16
4.1.2	Gróðurfar	16
4.1.3	Landslag og sjónræn áhrif	17
4.1.4	Grunnvatn	17
4.1.5	Útivist	17
4.1.6	Núll kostur	17
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	17
4.3	Samantekt og niðurstaða	18

Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010

frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn þann _____

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfus

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

1 Forsendur

1.1 Viðfangsefni, aðdragandi og tilgangur

Í gildi er deiliskipulag fyrir meginhluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum sem er í landi Kópavogs á um 390 ha svæði. Skv. framtíðarsýn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir Bláfjöll til ársins 2030 stendur m.a. til að stækka skíðasvæðið yfir í Sveitarfélagið Ölfus.

Innan stækkaðs skíðasvæðis stendur til að byggja diskalyftu úr Kerlingardal í Sveitarfélaginu Ölfusi upp á topp Bláfjalla. Einnig er gert ráð fyrir að efri endastöðvar tveggja nýrra stólalyfta verði innan sveitarfélagsins en meginhlutar beggja lyftanna verða innan Kópavogs. Lyftur þessar eru ný Drottning frá flöt milli Kóngsgils og Drottningargils og ný lyfta í Eldborgargili en báðar lyfturnar liggja að toppi Bláfjalla (sjá myndir 1 og 2). Vegna þessara nýju lyfta verða til nýjar skíðaleiðir innan skíðasvæðisins sem að hluta til eru í Sveitarfélaginu Ölfusi (sjá myndir 1 og 2). Þá liggur hluti núverandi gönguskíðahrings skíðasvæðisins innan skipulagssvæðisins. Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan sveitarfélagsins öðrum en litlum stjórnstöðvum við endastöðvar áður nefndra lyfta.

Deiliskipulag þetta nær yfir stækkað skíðasvæði Bláfjalla sem verður innan Sveitarfélagsins Ölfus og er stækkað skíðasvæði innan marka skilgreinds Bláfjallafólkvangs.

1.2 Skipulags- og matslýsing


Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: *Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum [svæðið er vatnsverndarsvæði, fjarsvæði] og jöklum*. Vegna þess er þörf á að gera matslýsingu vegna vegna deiliskipulags.


Þar sem samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi tók skipulags- og matslýsingin einnig til þeirrar breytingar og er það í samræmi við gr. 4.2.2 í *skipulagsreglugerð nr. 90/2013*.

Skipulags- og matslýsing var samþykkt til kynningar á fundi bæjarstjórnar 26. september 2019. Skipulags- og matslýsingin var auglýst frá 1. nóvember - 2. desember 2019.

Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Kópavogsbæ, Garðabæ Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun. Tekið var tillit til umsagna og athugasemdar í vinnu við deiliskipulag.



Mynd 1. Tillaga að framtíðarsýn skíðasvæðisins í Bláfjöllum árið 2030. Nýjar stólalyftur eru rauðar línur, nýjar diskalyftur eru rauðar línur, hvít svæði eru núverandi skíðabrekkur og blá svæði nýjar skíðabrekkur.



Mynd 2. Tillaga að framtíðarsýn skíðasvæðisins í Bláfjöllum árið 2030, ásýnd úr suðaustri. Nýjar stólalyftur eru rauðar línur, nýjar diskalyftur eru rauðar línur og blá svæði nýjar skíðabrekkur.

1.3 Staðhættir og mörk skipulagssvæðisins

Skipulagssvæðið er um 100 ha og er suðaustan núverandi skíðasvæðis, í austurhlíðum Bláfjalla og niður í hluta Kerlingardals. Svæðið er almennt séð lítt gróið, sérstaklega í fjallshlíðum. Fjöllin sjálf eru dæmigerður móbergshryggur og eru topparnir án hraunþekju á þessu svæði. Undirlendið í Kerlingadal er ýmist þakið sléttum helluhraunum, að hluta mosavöxnum eða seti.



Mynd 3. Mörk skipulagssvæðisins (rauð afmörkun).

1.4 Verndarsvæði

1.4.1 Friðlýstur fólkvangur

Samkvæmt auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum nr. 173/1985 er núverandi skíðasvæði og fyrirhuguð stækkun þess í Sveitarfélagin Ölfusi innan fólkvangsins. Mörk hans eru 1) úr kollu Vífilfells 2) í Hácoll 3) í Kerlingarhnjúk 4) í (Litla) Kóngsfell 5) í Bollann við Grindarskörð 6) í horn Heiðmerkurgirðingar við Kolhól 7) með Heiðmerkurgirðingu í punkt, þar sem hún sker línu milli Stríps og Stóra Kóngsfells 8) Sandfell, norðvestur af Rjúpnadölum, í koll Vífilfells.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

- Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið, og óheimilt er að reisa þar girðingar eða annars konar tálmanir, á þann veg að umferð fólks torveldist.

- Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
- Stefnt skal að því, að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana eftir því, sem efni þykja til, en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.
- Stjórn fólksvangsins er heimilt að takmarka eða banna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólksvangsins.

Deiliskipulagið er í fullu samræmi við auglýsingu um fólksvang og þær reglur sem eru í gildi fyrir hann. Skíðasvæði Höfuðborgarsvæðisins munu leita samþykkis Umhverfisstofnunar fyrir þeim mannvirkjum og framkvæmdum sem verða innan fólksvangsins.

1.4.2 Náttúruminjar

Skipulagssvæðið er innan friðlýsts fólksvangs en að öðru leyti eru engar friðlýstar náttúruminjar innan skipulagssvæðisins.

1.5 Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 er skipulagssvæðið skilgreint sem *óbyggð svæði* auk þess að vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

1.5.1 Óbyggð svæði

Markmið aðalskipulagsins fyrir óbyggð svæði eru:

- Stefnt er að því að vinna að endurheimt landgæða hvarvetna í sveitarfélaginu.
- Lögð skal áhersla á uppbyggingu þjónustukerfa sem styrkja ferðaþjónustu.
- Áhersla verður lögð á að vernda lítt röskuð svæði fyrir utanvegaakstri.
- Fylgst verður með hættu af sandfoki á þekktum foksvæðum.

Mikill hluti sveitarfélagsins er í flokknum *óbyggð svæði*. Á þessum svæðum eru m.a. helstu vatnsverndarsvæði sveitarfélagsins.

1.5.2 Hverfisvernd

Markmið aðalskipulagsins fyrir hverfisvernd er:

- Með afmörkun hverfisverndarsvæða verði stuðlað að varðveislu náttúruminja, fornleifa og annarra söguminja, sem m.a. rennir styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu.

1.5.2.1 Hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar

Nokkur mikilvæg votlendissvæði, heiðalönd og kjarlendi eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði, einkum vegna sérstæðs fuglalífs, gróðurs og útivistargildis. Ákvæði hverfisverndar vegna náttúruverndar eru þessi:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar geta haldist eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um tak-mörkun eða stjórn beitar á svæðinu.
- Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil. Stefnt er að endurheimt votlendis þar sem því verður við komið.

- Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir.

Skipulagssvæðið er hluti af eftirfarandi *hverfisverndar vegna náttúruverndar*:

- Hlíðarvatn, Selvogs-heiði, Brennisteins-fjöll og Herdísarvík
 - Hluti af stærra svæði þar sem stefna skal að friðlýsingu, svæðið tengist Stakkavík og Hlíðarvatni sem eru á náttúruminjaskrá. Útivistarsvæði með áhugaverðum gosminjum og landslagi. Nyrst á svæðinu er vinsælt gönguskíðasvæði í nágrenni Bláfjalla þar sem akstur vélknúinna ökutækja er bannaður, utan þeirra sem eru á vegum skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

1.5.3 Verndarsvæði neysluvatns

Markmið aðalskipulagsins fyrir verndarsvæði neysluvatns eru:

- Mikilvægt er að vernda grunnvatn sem neysluvatn fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Tryggja þarf nægt framboð neysluvatns fyrir sveitarfélagið.
- Lögð er áhersla á að tryggja vatnsgæði í tengslum við matvælaframleiðslu.

1.5.3.1 Fjarsvæði vatnsbóla

Fjarsvæði er á vatnasviði vatnsbóla en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Verndarákvæði fjarsvæða eru þessi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Skipulagssvæðið er hluti af eftirfarandi *fjarsvæði vatnsverndar*:


- Heiðin há – Eldborgar-hraun – Skálafell
 - Víðfeðm heiðalönd ofan jaðarsvæðis byggðar sem skilgreint er sem grannsvæði vatnsbóla. Aðrennslissvæði vatnsbóla í byggð í Ölfusi.

1.6 Breyting á aðalskipulagi

Breyting á aðalskipulagi fellst í því að um 100 ha svæði í Sveitarfélaginu Ölfusi verður skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* í stað þess að vera *óbyggð svæði*. 100 ha svæðið er það sama og mörk deiliskipulags fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum í Sveitarfélaginu Ölfusi nær til. Svæðið mun eftir sem áður vera vera *fjarsvæði vatnsverndar* og undir *hverfisvernd*.

Markmið aðalskipulagsins fyrir *opin svæði til sérstakra nota* eru m.a.:

- Lögð er áhersla á að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.



Mynd 4 Hluti Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sveitarfélagsuppdráttur. Rauð lína sýnir afmörkun þess svæðis sem breytingin nær yfir.

1.7 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum og skipulags- og byggingarskilmálum
- Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:5000 í A2

1.8 Samráð

Í vinnu við deiliskipulag eða á auglýsingartíma deiliskipulagsins er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Stjórn skíðafélaganna
- Veðurstofa Íslands
- Garðabær
- Hafnarfjörður
- Reykjavík
- Kópavogur
- Viðeigandi nefndir Sveitarfélagsins Ölfus

2 Deiliskipulag

Hér að neðan eru upplýsingar um mannvirki og annað sem verður innan skipulagssvæðisins:

- Gert er ráð fyrir nýrri 4 sæta stólalyftu (ný Drottning) frá flöt milli Kóngsgils og Drottningargils sem liggur upp undir topp Bláfjalla. Meginhluti lyftunnar er innan Kópavogs og í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir skíðasvæðið. Gert er ráð fyrir að efstu 100 m lyftunnar verði innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi ásamt endastöð og stjórnstöðvarhúsi.
- Gert er ráð fyrir 4 sæta stólalyftu í Eldborgargili sem myndi ná upp undir topp Bláfjalla. Meginhluti lyftunnar er innan Kópavogs og í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir skíðasvæðið. Gert er ráð fyrir að efstu 200 m lyftunnar verði innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi ásamt endastöð og stjórnstöðvarhúsi.
- Gert er ráð fyrir 300 m langri diskalyftu úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla en öll lyftan er innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi. Gert er ráð fyrir stjórnstöðvarhúsi við neðri endastöð ásamt palli sem nýtist sem aðstaða fyrir skíðafólk.
- Vegna þessara nýju lyfta verða til nýjar skíðaleiðir innan skíðasvæðisins sem að hluta til eru innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi. Svæði sem fer undir nýjar skíðaleiðir er um 9 ha.
- Þá liggur hluti núverandi gönguskíðahrings skíðasvæðisins innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi. Skíðagönguhringurinn er aðeins lagður í snjó og ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum vegna hans.

2.1 Skíðasvæði

Skilgreint skíðasvæðið innan skipulagssvæðisins í Sveitarfélaginu Ölfusi er í austurhlíðum Bláfjalla og niður í Kerlingadal, alls um 40 ha af þeim 100 ha sem skipulagssvæðið nær til. Skíðasvæðið er skilgreint umhverfis fyrirhugaðar lyftur og skíðaleiðir sem verða til vegna þeirra. Innan þessa svæðis er ekki gert ráð fyrir nema minniháttar raski á landi og yrðu sár grædd upp jafn óðum með sáningu en áburðargjöf er ekki heimil vegna vatnsverndarsjónarmiða. Halda skal jarðraski í lágmarki við allar framkvæmdir. Skíðabrekkur eru skilgreindar sérstaklega innan skíðasvæðisins og gilda aðrir skilmálar fyrir þau svæði (sjá kafla 2.2).

2.2 Skíðabrekkur

Skíðabrekkur sem ætlaðar eru fyrir skíðafólk eru skilgreindar sérstaklega eins og sjá má á skipulagsuppdrætti. Nýjar skíðabrekkur í austurhlíðum Bláfjalla og niður í Kerlingadal umhverfis fyrirhugaðar lyftur er alls um 9 ha. Gert er ráð fyrir að samhliða því að skíðalyftur verði reistar innan svæðisins verði skíðabrekkur og svæði umhverfis lyftur mótað og unnið með vinnuvélum eftir því sem þörf er á. Gera má því ráð fyrir einhverju gróður- og jarðvegsraski við slíkar aðgerðir en þó verða svæði grædd upp jafn óðum eins og við á með sáningu, en áburðargjöf er ekki heimil vegna vatnsverndarsjónarmiða. Innan svæðisins er heimilt er að reisa raflýsingu í þágu skíðaþróttarinnar. Uppsetning snjósöfnunargirðinga innan skíðaleiða og umhverfis lyftur er heimil. Halda skal jarðraski í lágmarki við allar framkvæmdir og ekki er heimilt að raska hrauni. Framkvæmdir skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun.

2.3 Gönguskíðasvæði

Á skíðasvæðinu í Bláfjöllum er svæði sem ætlað er fyrir gönguskíðaiðkendur vestan og sunnan við Suðurgil, að mestu innan annarra sveitarfélaga. Hluti núverandi gönguskíðahrings er innan skipulagssvæðisins á um 1 km kafla í Kerlingardal og er svæðið skilgreint sem gönguskíðasvæði. Skíðagönguhringurinn er aðeins lagður í snjó og ekki er gert ráð fyrir nema minniháttar framkvæmdum vegna hans. Því er ekki er gert ráð fyrir nema minniháttar raski (t.d. grjóthreinsun) á landi á skíðagöngusvæðinu og yrðu sár grædd upp jafn óðum með sáningu en áburðargjöf er ekki heimil vegna vatnsverndarsjónarmiða. Uppsetning snjósöfnunargirðinga við gönguskíðaleiðir er heimil án rasks á hrauni. Innan svæðisins er heimilt að raflýsa skíðagönguleið, halda skal jarðraski í lágmarki við allar framkvæmdir. Framkvæmdir skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun.

2.4 Hættumat fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum

Samkvæmt reglugerð 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum eru settar takmarkanir á nýtingu hættusvæða á skíðasvæðum. Þar segir „Við skipulagningu skíðasvæða skal leita til aðila sem hafa sérfræðipekkingu á snjóflóðahættu. Jafnframt skal leitast við að hafa skíðasvæði utan snjóflóðahættusvæða og forðast skal að leggja lyftuleiðir, svig- og gönguskíðaleiðir undir upptakasvæði.“ Á Veðurstofunni er unnið að hættumati fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum. Yfirfara þarf deiliskipulagið m.t.t. hættumatsins þegar það er tilbúið og gera breytinga á því ef niðurstaða hættumatsins kallar á slíkt. Þar til hættumatið tekur gildi er stuðst við staðbundið hættumat vegna framkvæmda á skíðasvæðinu. Sumarið 2018 vann Veðurstofa Íslands staðbundið hættumat vegna nokkurra nýrra lyftna í Bláfjöllum og þar með fyrir nýja Drottningu. Niðurstaða hættumatsins er að lyftuleiðin standist hættumat. Lyftan þarf jafnframt að þola ástreymisþrýsting hönnunarflóðs.

Skv. umsögn Veðurstofu Íslands er nýja diskalyftan úr Kerlingardal vel staðsett m.t.t. snjóflóðaógnar. Landhali á afmörkuðum svæðum ofan við skíðaleiðirnar frá lyftunni er þó á mörkum upptakahalla snjóflóða. Hafa ber þessi svæði í huga við daglegt eftirlit á skíðasvæðinu. Endastöðvar nýrra stólalyfta eru vel staðsettar m.t.t. snjóflóðaógnar en lyftan í Eldborgargili veitir þó aðgengi að snjóflóðasvæði í Eldborgargili. Þá liggja allar nýjar skíðaleiðir úr Eldborgarlyftunni um eða undir upptakasvæðum snjóflóða. Vegna þessa er nauðsynlegt og þeir skilmálar settir að búið verði að gera áætlun um daglegt eftirlit fyrir þetta svæði áður en lyftan er tekin í notkun og búið að ákveða hvernig brugðist verði við snjóflóðahættu á skíðaleiðum.

2.5 Tilkynningarskyldar framkvæmdir

Fyrirhugaðar framkvæmdir í Bláfjöllum eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 12.01 í 1. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Hluti fyrirhugaðra framkvæmda í Bláfjöllum hefur þegar verið tilkynntur til Skipulagsstofnunar sem hefur úrskurðað að framkvæmdirnar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum¹.

Ný stólalyfta milli Kóngsgils og Drottningargils (Drottning) var meðal þeirra framkvæmda sem hafa verið tilkynntar en ný stólalyfta í Eldborgargili og ný diskalyfta í Kerlingadal hafa ekki verið tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu.

Þær tvær skíðalyftur sem gert er ráð fyrir í deiliskipulaginu og ekki hafa hlotið umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum munu fá slíka meðferð áður en framkvæmdaleyfi er gefið fyrir hverja framkvæmd.

2.6 Byggingarreitir

Á skipulagsupprætti eru sýndir byggingarreitir og skulu skíðalyftur byggðar innan þeirra.

2.7 Veitur

Ekki verður vatnsöflun innan skipulagssvæðisins og engar vatnslagnir fyrir heitt eða kalt vatn verða innan svæðisins. Þá er ekki gert ráð fyrir salernum eða fráveitu innan svæðisins.

Rafmagnsstrengir verða lagðir innan byggingarreita skíðalyfta og að möstrum og endastöðvum skíðalyfta. Rafstrengir þessir munu liggja frá núverandi skíðasvæði Bláfjalla.

3 Skilmálar

3.1 Almenn

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

3.2 Hönnun og upprættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um framkvæmdaleyfi (772/2012) og aðrar reglugerðir segja til um.

3.3 Skíðalyftur / skilmálar

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þremur nýjum byggingarreitum fyrir skíðalyftur en þeir eru eftirfarandi:

3.3.1 Ný Drottning

Byggingarreitur frá flöt milli Drottningargils og Kóngsgils (innan núverandi skíðasvæðis í Kópavogi) og upp undir topp Bláfjalla til vesturs. Innan byggingarreits (sem er að hluta innan skipulagssvæðisins) er heimilt að reisa 4 sæta stólalyftu ásamt tilheyrandi mannvirkjum við eftir endastöð. Heildarlengd lyftu er um 900-1000 m og eru um 100 innan skipulagssvæðisins. Mesta hæð mastra er um 10 m.

¹ Ákvörðunin var kærð en úrskurður liggur ekki fyrir.

Framkvæmdin hefur verið metin m.t.t. umhverfisáhrifa og er framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

3.3.2 Eldborgargil

Byggingarreitur frá neðri endastöð Framlyftu í Eldborgargili (innan núverandi skíðasvæðis í Kópavogi) og upp á topp til suðurs. Innan byggingarreits (sem er að hluta innan skipulagssvæðisins) er heimilt að reisa 4 sæta stólalyftu ásamt tilheyrandi mannvirkjum við efri endastöð. Heildarlengd lyftu er um 700 m og eru um 200 innan skipulagssvæðisins. Mesta hæð mastra er um 10 m.

Framkvæmdin hefur ekki verið metin m.t.t. umhverfisáhrifa og verður ekki heimiluð nema að undangenginni úttekt Skipulagsstofnunar á því hvort framkvæmdin sé háð slíku mati, og ef svo er þá að undangengnu slíku mati.

3.3.3 Kerlingardalur

Byggingarreitur frá Kerlingardal og upp á topp Bláfjalla til vesturs. Innan byggingarreits er heimilt að reisa diskalyftu ásamt lyftuhúsi við neðri endastöð. Hámarksflatarmál lyftuhúss er 10 m² á einni hæð og mesta hæð mastra er um 6 m.

Framkvæmdin hefur ekki verið metin m.t.t. umhverfisáhrifa og verður ekki heimiluð nema að undangenginni úttekt Skipulagsstofnunar á því hvort framkvæmdin sé háð slíku mati, og ef svo er þá að undangengnu slíku mati.

4 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegu umhverfisáhrifum sem framkvæmdir skv. deiliskipulagi þessu eru líklegar til að hafa á umhverfið. Þá er reynt að segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana ber að meta áhrif deiliskipulagstillögu sem felur í sér framkvæmd sem er tilgreind í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á umhverfi sitt.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana vegna liðar 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: *Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum [svæðið er vatnsverndarsvæði, fjarsvæði] og jöklum.*

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð deiliskipulags hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Í vinnu við deiliskipulag var lagt mat á það hvaða þætti væri nauðsynlegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu ítarlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Í vinnu við deiliskipulag var haft samráð við Skipulagsstofnun en óskað var umsagnar stofnunarinnar um umfang og áherslur umhverfismats áætlunarinnar.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

4.1 Umhverfisþættir

Umhverfisþættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu.

Þeir þættir sem helst eru taldir geta orðið fyrir áhrifum, jákvæðum eða neikvæðum, af framkvæmd deiliskipulags eru:

- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Gróðurfar
- Landslag og sjónræn áhrif
- Grunnvatn
- Útivist

4.2 Áhrifaþættir

Þeir þættir deiliskipulags sem taldir eru geta haft möguleg umhverfisáhrif eru eftirfarandi, í samræmi við skipulags- og matslýsingu deiliskipulags og breytingar á aðalskipulagi:

- Framkvæmdir við skíðalyftur innan skipulagssvæðisins.

4.3 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem framkvæmdir skv. deiliskipulagi kunna að hafa í för með sér.

Eftirfarandi umhverfisviðmið verða lögð til grundvallar:

Umhverfisþættir	Viðmið	Útskýring
Náttúruminjar	• Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum Stj.tíð. B, nr. 173/1985	• Viðhalda þeirri stefnu að svæðið skuli skipulagt til skíðaiðkana og útivistar í samráði við Umhverfisstofnun.
	• Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr.	• Verndun jarðmyndana s.s. hraun. • Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðuðum náttúruminum.
	• Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 6.3	• Fólkvangar teljast til friðlýstra svæða.
	• Skipulagslög 123/2010 gr. 1 og 9	Markmið laga þessara er m.a.: • að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir

		<p>landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,</p> <ul style="list-style-type: none"> • að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
	<ul style="list-style-type: none"> • Náttúruminjaskrá 	<ul style="list-style-type: none"> • Bláfjallafólkvangur er friðlýstur fólkvangur skv. Náttúruverndarlögum og er á Náttúruminjaskrá
Jarðmyndanir	<ul style="list-style-type: none"> • Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 61. gr. 	<ul style="list-style-type: none"> • Verndun jarðmyndana s.s. hraun. • Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.
	<ul style="list-style-type: none"> • Auglýsing um fólkvang í Bláfjöllum Stj.tíð. B, nr. 173/1985 	<ul style="list-style-type: none"> • Óheimilt er að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
Gróðurfar	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973 11.gr. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ekki eyða eða spilla gróðri að óþörfu.
Náttúrulegt landslag	<ul style="list-style-type: none"> • Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 3 	<ul style="list-style-type: none"> • Um náttúruverndarsvæði gilda lög um náttúruvernd.
	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973 11 og 37 gr. 	<ul style="list-style-type: none"> • Öllum er skylt að sýna varúð í samskiptum við náttúru landsins, svo að henni sé ekki spillt að óþörfu. • Ef hætta er á því, að fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask leiði til þess m.a. að land breyti verulega um svip er skylt að leita álits Umhverfisstofnunar áður en framkvæmdir hefjast.
Grunnvatn	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð nr. 796/1999 gr. 1 (nr. 533/2001 gr. 13.1 og 913/2003) um varnir gegn mengun vatns. 	<ul style="list-style-type: none"> • Markmiðið er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum.
	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn 9. gr. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns.
	<ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun 1. gr. 	<ul style="list-style-type: none"> • Markmið reglugerðar þessarar er m.a. að koma í veg fyrir og draga úr mengun af völdum atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun. • Jafnframt er það markmið að tryggja að kröfur sem gerðar eru í starfsleyfum til þess að draga úr tiltekinni mengun umhverfisins valdi ekki aukinni mengun annars staðar í umhverfinu.
	<ul style="list-style-type: none"> • Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. gr. 5.3.2.15. 	<ul style="list-style-type: none"> • Staðsetja skal vatnsból, afmarka vatnsverndarsvæði og setja skilmála til að tryggja að vatnsból mengist ekki.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.
- **(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt.**
 - Deiliskipulagið hefur óþekkt áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.

4.4 Valkostir

Borin eru saman áhrif deiliskipulags við líklega þróun umhverfis án framfylgdar skipulagsins.

4.1 Áhrifamat

4.1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir

Fyrirhugaðar stólalyftur eru að litlu leyti innan skipulagssvæðisins en endastöðvar og efstu hlutar lyftu eru á og við fjallstoppa Bláfjalla sem eru móbergshryggur og eru topparnir án hraunþekju á þessu svæði. Fyrirhuguð diskalyfta er í austurhlíð Bláfjalla sem liggur niður í Kerlingadal en svæðið er að mestu ógróinn melur án sérstæðra jarðmyndana. Í nánd við það svæði þar sem efri endastöð diskalyftunnar er fyrirhuguð er móbergsgígur. Byggingarreitur lyftunnar er ekki innan gígsins né á gígbarminum, og því ætti hvorki gígurinn né gígbarmurinn að raskast við framkvæmdina.

Ekki eru sérstakar aðrar jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og því eru áhrif á *jarðfræði og jarðmyndanir* taldar óverulegar.

4.1.2 Gróðurfar

Fyrirhugaðar stólalyftur eru að litlu leyti innan skipulagssvæðisins en endastöðvar og efstu hlutar lyftu eru á og við ógróna fjallstoppa Bláfjalla. Fyrirhuguð diskalyfta er í lítt gróinni austurhlíð Bláfjalla sem liggur niður í Kerlingadal. Áhrif fyrirhugaðra lyfta á *gróðurfar* eru því talin óveruleg.

Í austurhlíðum Bláfjalla er gert ráð fyrir nýjum skíðaleiðum þar sem heimilt er að móta land. Skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er meginhluti þess svæðis sem fer undir skíðaleiðir skriður og klettur, melar og sandlendi og moslendi. Gera má ráð fyrir raski á moslendi við þær framkvæmdi en umfang rasks er nokkuð óljóst, en framkvæmdir skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun. Þrátt fyrir að röskuð svæði verði grædd upp jafn óðum er talið að áhrif fyrirhugaðra skíðabrekka á *gróðurfar* verði að nokkru leyti neikvæð en einnig óljós.

4.1.3 Landslag og sjónræn áhrif

Gera má ráð fyrir að efstu möstrin frá nýjum stólalyftum, sem eru um 10 m á hæð, muni bera við himinn, séð frá þeim sem eru á skíðasvæðinu, líkt og er með núverandi lyftur og því eru þau *sjónrænu áhrif* ekki talin veruleg. *Sjónræn áhrif* lengra frá skíðasvæðinu eru talin óveruleg.

Gert er ráð fyrir nýjum skíðaleiðum, sér í lagi í austurhlíðum Bláfjalla, í tengslum við nýju lyfturnar og gæti því orðið röskun á landslagi innan þess svæðis sem er afmarkað sem skíðabrekkur í deiliskipulaginu. Gera má ráð fyrir einhverju raski landslags við slíkar aðgerðir en umfang þess er nokkuð óljóst. Framkvæmdir skulu unnar í samráði við Umhverfisstofnun.

Framkvæmdir innan skíðasvæðisins skv. deiliskipulagi munu hafa óveruleg *sjónræn áhrif* og áhrif á *landslag* verða mögulega neikvæð en einnig talin óljós.

4.1.4 Grunnvatn

Innan deiliskipulagssvæðisins er eitt skilgreint fjarsvæði vatnaverndar og eru verndarákvæði þessi skv. aðalskipulagi:

- Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar í meðferð efna sem talin eru upp í flokki grannsvæða. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu.
- Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirhætti varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Ekki er gert ráð fyrir fráveitumannvirkjum á svæðin og því eru áhrif fráveitu á *grunnvatn* ekki til staðar. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við skíðalyftur auk þess sem skíðabrekkur verða mótaðar í nánd við lyftur. Við þær framkvæmdir skal taka tillit til þess að um fjarsvæði vatnaverndar er að ræða og fara eftir þeim ákvæðum sem gilda um fjarsvæði. Vegna þessa er talið að uppbygging skíðasvæðisins skv. deiliskipulagi muni hafa óveruleg áhrif á *grunnvatn*.

4.1.5 Útivist

Áhrif á *útivist* vegna uppbyggingar skv. deiliskipulagi eru talin jákvæð þar sem frekari uppbygging skíðasvæðisins mun auka við fjölbreytni svæðisins, bæta aðstöðu þess og þar með eru auknar líkur að því að fleira fólk muni koma á skíðasvæðið og njóta þess.

4.1.6 Núll kostur

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á alla umhverfisþætti verði óveruleg.

4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

Samhliða vinnu við deiliskipulag verður gerð breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 sem fellst í því að um 100 ha svæði verður skilgreint sem *opið svæði til sérstakra nota* í stað þess að vera *óbyggð svæði*.

Deiliskipulagið fellur að eftirfarandi markmiðum aðalskipulagsins fyrir *opin svæði til sérstakra nota*:

- Lögð er áhersla á að efla starfsemi á sviði útivistar og ferðaþjónustu.

Í aðalskipulagi er svæðið eftir sem áður hluti svæðis sem er undir hverfisvernd vegna náttúruverndar og hluti fjarsvæðis vatnsverndar, en fyrirhuguð uppbygging skv. deiliskipulagi er ekki í andstöðu við markmið og ákvæði fyrir þessi svæði.

4.3 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að heildaráhrif af völdum fyrirhugaðrar uppbyggingar skíðasvæðisins í Bláfjöllum innan Sveitarfélagsins Ölfus skv. deiliskipulagi séu að mestu óveruleg.

Áhrif á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg fyrir utan jákvæð áhrif á *útivist* vegna bættrar aðstöðu á skíðasvæðinu en þó eru áhrif á *landslag* og *gróður* talin að einhverju leyti neikvæð vegna rasks í skíðabrekkum en þó nokkuð óljós þar sem umfang rasks er nokkuð óljóst.

Ef ekki kemur til framfylgdar deiliskipulagsins er talið að áhrif á alla umhverfisþætti verði óveruleg.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

Umhverfisþættir	Framkvæmdir við skíðalyftur			Núll kostur
Jarðfræði og jarðmyndanir	0			0
Gróðurfar	0	-	?	0
Landslag og sjónræn áhrif	0	-	?	0
Grunnvatn	0			0
Útivist	+			0
Niðurstaða	0	+	- ?	0

Skýringar

(+) Jákvæð áhrif á umhverfisþátt

(0) Óveruleg áhrif á umhverfisþátt

(-) Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

(?) Óþekkt áhrif á umhverfisþátt